

## Opið bréf til heilbrigðisyfirvalda

# Hvers vegna er geðdeildum lokað?

**Ingólfur H.  
Ingólfsson**

*frankvæmdastjóri  
Geðhjálp*

**S**umarlokanir geðdeilda hafa aldrei verið meiri en nú, þrátt fyrir fullyrðingar stjórnvalda um annað. Á Landspítalanum einum má ætla að geðdeildum sé lokað í 48 vikur eða 336 daga á þessu ári. Það jafngildir nánast að einni geðdeild Landspítalans sé lokað allt árið eingöngu vegna

meindra sparnaðarráðstafana í sumar. Þetta er dapurleg sparnaðarráðstöfun í ljósi þess að Ríkisendurskoðun hefur sýnt fram á í skýrslu, sem birtist 1996 og tók til árána 1990 - 1995, að þessar „sumarlokanir á sjúkrahúsunum á því tímabili sem athuginin tók til hafi ekki skilað þeim fjárhagslega ávinningi sem að var stefnt til lækkunar heildarútgjalda þeirra“. Það er mikið lagt á sig fyrir lítið.

Það má auk þessa færa sterk rök fyrir því að fólk með geðsjúkdóma sé ekki fært um að glíma sjálft við afleiðingar lokana geðdeildanna og að fjölskyldur þeirra geti ekki ráðið

---

**Þegar er farið að bera á erfiðleikum með innlagnir sturlaðra sjúklinga. Deildir sem eru opnar eru yfirfullar og enginn er lagður inn nema tryggt sé að losna megi við sjúklinginn þegar kemur að lokun.**

---

við fárveikan geðsjúkling inni á heimilum sínum.

Undir venjulegum kringumstæðum geta sjúklingar tekist á við sjúkdóm sinn vitsmunalega

og með andlegum styrk en geðsjúkdómar leggjast einmitt á starfsemi heilans og draga úr andlegum styrk og jafnvel dómgreind svo að hæfileikinn til að glíma við sjúkdóminn skerðist og getur alveg horfið við alvarlegt sjúkdómsástand. Þetta þýðir að sjúklingur þarf utanaðkomandi aðstoð og læknismeðferð strax og hann veikist. Sýnt hefur verið fram á að fjölskyldur eiga af sömu ástæðum erfiðara með að sinna alvarlega veikum geðsjúklingi en öðrum sjúklingum. Þetta verður að hafa í huga þegar heilbrigðisyfirvöld ætla aðstandendum að taka á sig auknar byrðar vegna sumarlokana.

Þegar er farið að bera á erfiðleikum með innlagnir sturlaðra sjúklinga. Deildir sem eru opnar eru yfirfullar og enginn er lagður inn nema tryggt sé að losna megi við sjúklinginn þegar kemur að lokun.

Geðhjálp óskar eftir því við heilbrigðisyfirvöld að þau svari spurningunni, hvers vegna er geðdeildum lokað yfir sumartímann þegar ljóst er að enginn sparnaður næst, að sjúkdómurinn gerir sjúklingunum sjálfum ókleift að takast á við lokanirnar og fjölskyldur þeirra ráða ekki við að hafa sjúklinginn á heimilum sínum?